

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Grundarfirði



Dags eftirlits	12.7.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmastlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Finnbogi Elíasson	Staðsetning	298888,207 498613,941

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlitið. Ein athugasemd var gerð við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar í Grundarfirði. Í stöðinni eru tveir olíugeymar, T0097 sem er 572 m³ geymir frá 1982 og geymir flotaolíu og T1008 sem er 450 m³ geymir frá 1976 og geymir litaða gasolíu. Innan þróar er einnig minni geymir sem geymir skol úr olíubílum sem svo er sent til Reykjavíkur.

Á ómalbikuðu plani eru tveir kálfar til að setja aftan í olíubíl. Minni kálfurinn er notaður til að sækja úrgangsolíu sem svo er dælt yfir í stærri kálfinn og safnað saman áður en úrgangsolían er flutt til Reykjavíkur. Á þessu plani er einnig járnagámur fyrir tómar olíutunnur og þrjár litlir olíugeymar sem bíða flutnings til Reykjavíkur.

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi. Frárennsli beggja olíuskilja í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðust frárennslin þau próf. Olíuskiljur voru þjónustaðar 1. júní sl.

Olíugeymir T0097 var botnþykktarmældur á síðustu 10 árum en komið er að mælingu á geymi T1008 en hann var síðast mældur 2006. Fram kom í eftirlitinu að botnþykktarmæla ætti geymin í haust.

Lögn nr. 350.66.00 var þrýstiprófuð í september 2012 en allar aðrar lagnir voru þrýstiprófaðar í nóvember 2013. Stóðust þær allar þá áraun. Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð. Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær). Áfyllingarplan var svo og skoðað. Þróarveggir og hlið í góðu lagi

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við geymslu á úrgangsolíu í olíukálfi á ómalbikuðu plani. Fram kom í eftirlitinu að minni kálfurinn væri notaður til að safna saman úrgangsolíu sem svo væri dælt yfir í stóra kálfinn þar sem hún væri geymd þar til hún væri flutt til Reykjavíkur. Ekki eru gerða minni kröfur um mengunavarnir fyrir geymslu á úrgangsolíu heldur en annari olíu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.09.2016

Sverrir Aðalsteinn Jónsson